

Nd.

441. Frumvarp til laga

[5. mál]

um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að ákveða, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi lögregluþjóni á hverja 500 íbúa. Nú óskar hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri en 500 íbúa, að hafa lögreglu, og er ríkisstjórninni þá heimilt að ákveða, að greiða skuli helming kostnaðar samkvæmt 1. málsgr. 2. gr.

Sveitarstjórnir eða sýslunefndir skipa lögregluþjóna að fengnum tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis nefndra aðilja.

2. gr.

Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður endurgreiða helming kostnaðar við lögreglu og löggæzlu sveitar- eða sýslufélaga.

Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislögregludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða  $\frac{2}{3}$  hluta kostnaðar úr ríkissjóði.

3. gr.

Í Reykjavík skal, auk borgarlögregluliðs, vera deild ríkislögreglumanna, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ríkislögreglumenn skulu ásamt öðrum lögreglumönnum annast sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.

Dómsmálaráðherra ákveður tölu ríkislögreglumanna, og verði við það miðað, að tala þeirra verði eigi lægri en þriðjungur af tölu borgarlögreglumanna í Reykjavík.

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir ríkissjóður þá allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, þó eigi hærri upphæð en nemur þriðjungi kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Má binda slík framlög því skilyrði, að ákveðinn hluti kostnaðar af löggæzlunni sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra með samþykki fjármálaráðherra og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar að ákveða, að lögreglumaður sveitar- eða sýslufélags skuli gegna tollgæzlustörfum samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Kostnaður greiðist þá að  $\frac{2}{3}$  úr ríkissjóði og að  $\frac{1}{3}$  úr viðkomandi sveitar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Ríkislögreglumönnum er skylt að gegna löggæzlustörfum hvar sem er á landinu. Ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, gildir sama um lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, taki ríkissjóður þátt í kostnaði við það. Ráðherra ákveður, hver skuli stjórna liði, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, skal lögreglumönnum þess skylt, þegar nauðsyn krefur, að gegna löggæzlustarfi hvar sem er innan umdæmis þess lögreglustjóra, er fer með stjórn þeirra.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

8. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum í héraði, þegar á þarf að halda, samkv. fyrirmælum lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Kostnaður af fræðslu og þjálfun héraðslögreglumanna, svo og kostnaður af ein-kennisfatnaði þeirra og öðrum búnaði greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur reglugerð um fasta þóknun héraðslögreglumanna og um greiðslu annars kostnaðar vegna starfa þeirra. Þóknun og kostnaður greiðist úr sýslusjóði, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Heimilt er lögreglustjóra að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða til sýslusjóðs kostnað af þeirri löggæzlu samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Lögreglustjóri heimilar héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögnum greiddur af öðrum aðiljum.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, lög nr. 45 5. apríl 1956 og lög nr. 61 29. marz 1961, um breyting á þeim lögum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1966. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði  $\frac{2}{10}$  hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en  $\frac{1}{4}$  í Reykjavík. Árið 1965 greiðist úr ríkissjóði  $\frac{7}{10}$  utan Reykjavíkur, en  $\frac{1}{3}$  í Reykjavík.